

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2002.

*Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæ hefur samþykkt minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri. Breytingin tekur til lóðanna nr. 17, 19, 21 og 23 við Hafnarstræti og felur í sér að lóðamörk og byggingareitir þessara lóða breytast.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 15. apríl 2002.*

**Stefán Brynjólfsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 4. febrúar 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagsuppráttur með breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 6. júní 1999. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skaftárhreppi, 18. apríl 2002.*

**Ólafía Jakobsdóttir** sveitarstjóri Skaftárhrepps.